

Forna-Grund

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Á Grundarkampi var byggt nýbýli 1929, sem Fornu-Grund er kallað. Á Grundarkampi voru áður verzlunarhús, sem nú eru fyrir allöngu rifin. Þar var og hús, er katólskir áttu.

Íbúðarhúsið stendur efst á kampinum, við **Grundará** (1). Vestur frá húsinu sér fyrir húsgrunni. Eru það kallaðar **Jóns Daníelssonar tóftir** (2). Skammt fyrir austan húsið er annað hússtæði, sem kallað er **Guðbrandstóftir** (3). Þar fyrir austan eru **Helgatóftir** (4). Norðan á kampinum, nær sjónum, er lítill húsgrunnur, sem kallaður er **Snorrabúð** (5). Stóð þar verbúð, er svo hét, um 1908. Var hún kennd við vélbát, er hét Snorri goði, er haldið var til fiskveiða frá kampinum. Nokkuð vestar á kampinum er húsgrunnur, sem kallaður er **Franskigrunnurinn** (6).

Nokkrum spöl vestar er stór húsgrunnur, sem kallaður er **Svartaskólagrunnur** (7). Stóð þar hús, er svo var kallað [Svartiskóli]. Fyrst var það notað sem verbúð og síðar var því breytt í íshús, en síðan rífið og flutt að Kvíabryggju (sem er skammt frá Krossnesi), en þaðan aftur í vor (1933) og byggt í Grafarnesi.

Stafrófsskrá örnefna

Franskigrunnur(inn) 6

Grundará 1

Guðbrandstóftir 3

Helgatóftir 4

Jóns Daníelssonar tóftir 2

Snorrabúð 5

Svartaskólagrunnur 7